

UPPLÝSINGAR UM ALMENNT NÁMSKEIÐ TIL LÖGGILDINGAR VIGTARMANNS

Þáttökugjald: 44.000 kr. -

(Námskeiðsgjald 35.700 kr. og löggildingargjald 8.300 kr. sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991)

Greiðsluupplýsingar: Greiða skal inn á reikning Neytendastofu:

Kt. 690605-3410, bankaupplýsingar 0111-26-001035 og tilgreina kt. þátttakanda með greiðslu.

Það er algert skilyrði að skila inn **sakavottorði** og **búforræðisvottorði** áður en hægt er að gefa út skírteini.

Námskeiðið er haldið í húsnæði Neytendastofu, Borgartúni 21.

Takmarkaður fjöldi kemst á hvert námskeið. - Þurfi að vísa frá, ræður greiðslutími.

Skilyrði sem uppfylla þarf til að geta hlotið löggildingu, endurlöggildingu eða bráðabirgðalöggildingu

Svo löggilda megji vigtarmann þarf hann að uppfylla eftirfarandi skilyrði, sem um er getið í 23. gr. laga nr. 91/2006: **a. eru búsettir hér á landi, b. eru fullra tuttugu ára, c. eru sjálfráða og fjárráða.**

Ennfremur stendur í fyrrgreindum lögum:

„synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.“

Til að sanna að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt þarf að leggja fram sakavottorð og búforræðisvottorð. Sakavottorð fá menn hjá sýslumanni sínum. - Í Reykjavík hjá Sýslumanninum í Kópavogi, Dalvegi 18, 201 Kópavogi. Búforræðisvottorð fá menn hjá héraðsdómara sínum. Löggildingarskírteini má ekki gefa út nema þessi **vottorð** liggi fyrir.

Sérreglur um íslenskukunnáttu

Athygli er vakin á því að gerðar eru kröfur um íslenskukunnáttu bæði varðandi skilning og skrift þar sem öll kennsla fer fram á íslensku og einnig eru spurningar á prófi á íslensku og einnig þarf að svar spurningum í prófi á íslensku.

Um námskeiðshald

1. Námskeiðið er í 3 daga.
2. Það þarf að greiða þáttökugjald fyrirfram.
3. Ef námskeiðið yfirfyllist raðast menn inn á námskeiðið í þeirri röð sem greitt var.
4. Námskeiðið verður haldið í húsnæði Neytendastofu (kjallara) Borgartúni 21 og hefst kl. 9:30. Sjá nánari stundarskrá hér að neðan.
5. Húsið er opnað að neðanverðu kl. 7:30 (dyrnar að ofanverðu kl. 8:00).

6. Best er að ganga inn að neðanverðu, þar blasa við leiðbeiningar um aðgönguleið að námskeiðsstofu.
7. Það eru næg bílastæði á efstu hæð bílageymsluhúss á bakvið Borgartún 21. Ekið er niður á milli Borgartúns 21 og KB banka og þar upp á efstu hæð á bílastæðishúsi.
8. Til að hjálpa mönnum að finna Borgartún 21, má geta þess að í því sama húsi er Sáttasemjari, Íbúðalánasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Fasteignamat ríkisins, svo eitthvað sé nefnt.
9. Nemendur þurfa ekki að hafa neitt með sér, samt er mælt með að þátttakendur taki með sér eigin skriffæri.
10. Þátttakendur þurfa að koma með reiknivél,
11. Mögulegt er að kaupa hádegismat í mötuneyti á staðnum (5.h.) eða á nálægum veitingastöðum.

Stundarskrá	
Mánudagur.....	9:30 - 17:00
Þriðjudagur.....	8:00 - 17:00
Miðvikudagur.....	8:00 - 12:00 ¹⁾
1) Í síðasta lagi.	